

Borgarráð

### ***Tillaga um verðlaunahátíð Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í Reykjavík árið 2020***

Lagt er til að borgarstjóri fái heimild til að undirrita ásamt mennta- og menningarmálaráðherra samkomulag og viljayfirlýsingu við European Film Academy um að 33. verðlaunahátíð Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna verði haldin í Reykjavík í desember árið 2020.

Þrjár borgir keppast nú um að vera vettvangur evrópsku kvikmyndaverðlaunanna árið 2020. Í samkomulaginu, ef Reykjavík verður fyrir valinu, felst að Reykjavíkurborg og ríkisstjórn skuldbinda sig til að framkvæma verkefnið hér á landi og bera sameiginlega ábyrgð á fjármögnun. Reykjavíkurborg og ríkið ábyrgjast samkvæmt þessu fjármögnun verkefnisins með að hámarki 135 millj.kr. framlagi hvor aðili um sig.

Kostnaðargreining á kröfulýsingu European Film Academy hefur verið unnin í samvinnu við aðildarfélag Meet in Reykjavík og KPMG og hljóðar upp á u.þ.b. 270 millj.kr. með VSK. Að undirbúningi málsins hafa komið fulltrúar menntamálaráðuneytisins, Kvikmyndamiðstöðvar, Íslandsstofu og RÚV, auk Meet in Reykjavík og Reykjavíkurborgar. Mat hópsins er að hægt verði að ná kostnaði mjög niður með því að leita hagkvæmustu leiða við framkvæmd viðburðarins, leita kostunar og kostnaðarþátttöku stuðningsaðila. Er lagt til að menningar -og ferðamálasvið leiði undirbúning af hálfu borgarinnar og beri kostnað af þeim undirbúningi innan fjárhagsramma sviðsins árið 2019, en geri tillögu til borgarráðs vegna viðburðarins í góðum tíma fyrir samþykkt fjárhagsáætlunar árið 2020, að teknu tilliti til kostunar og kostnaðarþátttöku stuðningsaðila verkefnisins.

### ***Greinargerð***

Fulltrúar Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytis hafa ásamt fulltrúum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Hörpu, Meet in Reykjavík, Íslandsstofu, Ríkisútvarpsins og fleiri aðila, metið kostnað og ávinning þess að verðlaunahátíð Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna verði haldin í Hörpu í desember 2020.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin voru fyrst veitt árið 1988 í Vestur - Berlín en tilgangur þeirra er að fagna, styðja við og vekja athygli á evrópskri kvikmyndagerð. Verðlaunahátíðin fer fram árlega, annað hvert ár í Berlín en þess á milli til skiptist í öðrum borgum Evrópu.

Í ár fer hátíðin fram í Sevilla á Spáni en hún hefur einnig farið fram í London, París, Róm, Barcelona, Varsjá, Kaupmannahöfn, Tallin, Möltu, Riga og Wroclaw, svo dæmi séu nefnd. Veitt eru verðlaun í 23 flokkum. Þær borgir sem bjóðast til að halda verðlaunahátíðina bera stóran hluta af kostnaði, svo sem afnot af sal eða húsnæði fyrir verðlaunahátíðina sjálfa, kostnaði við flug og gistingu, mat, hliðarviðburði, verkefnastjóra, aðstöðu fyrir fjölmiðla og ýmsan

tæknibúnað.

Búast má við að hátíðin laði til sín fjölmarga erlenda gesti víða að úr kvikmyndaheiminum. Ráðgert er að hátt í 1.400 gestir verði á verðlaunahátíðinni sjálfri, auk vel á annað hundrað erlendra blaðamanna sem munu fjalla um hátíðina og umgjörð hennar í sínum miðlum. Sýnt verður beint frá verðlaunakvöldinu og því ljóst að hátíðin, með íslensku ívafi, mun fá mikla umfjöllun.

Allir innviðir eru til staðar sem gerir það kleift að halda hátíðina í Reykjavík. Harpa, tónleika- og ráðstefnuhús í sameiginlegri eigu ríkis og borgar, hentar mjög vel fyrir viðburð sem þennan og hafa fulltrúar Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna skoðað Hörpu og fallist á að miða við vikuna 7. til 13. desember. Tímasetningin hentar vel en desembermánuður er yfirleitt sá tími þar sem nýting gistirýma er hvað slökust.

Ávinningurinn felst einna helst í öflugri kynningu og markaðssetningu á Íslandi og Reykjavík sem ákjósanlegum áfangastað fyrir ferðamenn og því líklegt að hátíðin styrki starfsskilyrði ferðaþjónustuaðila, svo sem veitingahúsa, hótela og menningar- og afþreyingaraðila, auk þess sem margvísleg tækifæri gefast til að vekja athygli á íslenski list, hönnun og vörum.

Hátíðin er sömuleiðis líkleg til að vekja athygli á Íslandi og Reykjavík sem kvikmyndatökustað, beina athyglinni að íslenski kvikmyndagerð og stuðla að öflugra og enn stærra tengslaneti íslenska kvikmyndageirans. Til stendur að vera með hliðarviðburði á hátíðinni sem væru opnir almenningi og tengdust evrópskum kvikmyndum og kvikmyndagerð.

Víst er einnig að Evrópsku kvikmyndaverðlaunin í Reykjavík yrðu góð kynning á Hörpu sem menningar- og ráðstefnuhúsi. Það eitt og sér gæti stuðlað að fleiri stórum alþjóðlegum viðburðum og ráðstefnum í Hörpu og stutt þannig við rekstur hennar til lengri og skemmri tíma.

Síðast en ekki síst mun væntanlega skapast dýrmæt reynsla og þekking við undirbúning hátíðarinnar hér á landi, í samstarfi ríkis, borgar og annarra fagaðila, sem gæti nýst til að sækja enn fleiri slíka alþjóðlega viðburði til landsins á næstu árum, með tilheyrandi ávinningi fyrir ferðaþjónustu og atvinnulíf.

Viðræður standa yfir við ýmsa aðila í ferðaþjónustu um stuðning við verkefnið sem gæti lækkað heildarkostnað verkefnisins.

Verkefnið er í takt við aðgerðaáætlun ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar en í henni er meðal annars lögð áhersla á markaðssetningu Reykjavíkurborgar sem áfangastaðar allan ársins hring. Þar segir einnig að stuðla skuli að jákvæðu orðspori Reykjavíkur sem menningarborgar og laða hingað til lands alþjóðlega viðburði og ráðstefnur. Jafnframt er talað um að nýta eigi þau dýrmætu tækifæri sem felast í Hörpu, ná til betur borgandi ferðamanna og renna styrkari stoðum undir ferðaþjónustu og fjölbreytt atvinnulíf í borginni.

Dagur B. Eggertsson

